BORGARRÁÐ 20. ÁGÚST 2026: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um endurskoðun samgöngusáttmálans - MSS26080071

Á verkefnalista BCD (Framsóknar, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks) á netinu kemur fram að samtal sé hafið við ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um endurskoðun samgöngusáttmálans, fjármögnun hans og framkvæmdahraða. Í því ljósi er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:

1) Hvenær hafa fundir verið haldnir og hverjir hafa setið þá? Óskað er eftir fundargerðum fundanna hafi þeir verið haldnir.
2) Hefur farið fram vinna við að meta forsendur og kröfur Reykjavíkurborgar í þessu samtali og liggur fyrir mat á hvaða grundvelli borgaryfirvöld vilja taka upp samkomulagið og þeim breytingum á samgöngusáttmálanum sem meirihlutinn sér fyrir sér? (Á til dæmis að taka samgöngusáttmálann upp í heild sinni eða einvörðungu einstaka framkvæmdir í landi Reykjavíkur?) Ef svo er er óskað eftir öllum gögnum þeirrar vinnu.
3) Er búið að meta áhrif á upptöku samgöngusáttmálans í heild sinni m.t.t. framkvæmdahraða, fjármögnunar, tekjumissis og tafa samgönguúrbóta? Óskað er eftir þeim gögnum séu þau til staðar og ef ekki er óskað eftir hlutlausu mati á þessum þáttum í formi minnisblaðs

Reykjavík